

## REGLUGERÐ

### um (8.) breytingu á reglugerð nr. 630/2014 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á III. viðauka reglugerðarinnar:

#### a. Í stað liðar 6.a koma tveir nýir liðir, svohljóðandi:

6.a	Blý sem málmblendisþáttur í stáli sem er notað til vinnslu og í galvanhúðuðu stáli sem inniheldur allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd.	Fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
6.a.I	Blý sem málmblendisþáttur í stáli sem er notað til vinnslu og í galvanhúðuðu stáli sem inniheldur allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd og í lotuunnum, heitgalvanhúðuðum stálhlutum sem innihalda allt að 0,2% af blýi miðað við þyngd.	Fellur úr gildi 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk.

#### b. Í stað liðar 6.b koma þrjú nýir liðir, svohljóðandi:

6.b	Blý sem málmblendisþáttur í áli sem inniheldur allt að 0,4% af blýi miðað við þyngd.	Fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk
6.b.I	Blý sem málmblendisþáttur í áli sem inniheldur allt að 0,4% af blýi miðað við þyngd, að því tilskildu að það komi úr endurvinnslu á brotamálmi úr áli sem inniheldur blý.	Fellur úr gildi 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk.
6.b.II	Blý sem málmblendisþáttur í áli, sem notað er til vinnslu, með blýinnihald sem er allt að 0,4% miðað við þyngd.	Fellur úr gildi 18. maí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk.

#### c. Í stað liðar 6.c kemur nýr liður, svohljóðandi:

6.c	Koparblendi sem inniheldur allt að 4% af blýi, miðað við þyngd.	Fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk,
-----	---	--

		<ul style="list-style-type: none"> <li>– 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði,</li> <li>– 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi,</li> <li>– 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.</li> </ul>
--	--	---

## d. Í stað liðar 7.a kemur nýr liður, svohljóðandi:

7.a	Blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki (þ.e. málmblendi sem eru að stofni til úr blýi og styrkur blýs í þeim er 85% eða meiri).	<p>Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk (að undanskilinni notkun sem fellur undir 24. lið þessa viðauka) og fellur úr gildi 21. júlí 2021.</p> <p>Fellur úr gildi 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði.</p> <p>Fellur úr gildi 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.</p> <p>Fellur úr gildi 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.</p>
-----	---	---

## e. Í stað liðar 7.c.I kemur nýr liður, svohljóðandi:

7.c.I	Raf- og rafeindaíhlutir sem innihalda blý í gleri eða keramik, annarri en rafefnakeramík í þéttum, t.d. þrýstiraftækjum eða í uppistöðuefnasamböndum glers eða keramikur.	<p>Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk (að undanskilinni notkun sem fellur undir 34. lið) og fellur úr gildi 21. júlí 2021.</p> <p>Fellur úr gildi 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði.</p> <p>Fellur úr gildi 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.</p> <p>Fellur úr gildi 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.</p>
-------	---	---

## f. Í stað liðar 7.c.II kemur nýr liður, svohljóðandi:

7.c.II	Blý í rafefnakeramík í þéttum fyrir málsþennu sem er 125 V riðspenna eða 250 V jafnspenna eða hærri.	<p>Gildir ekki um notkun sem fellur undir lið 7.c.I og 7.c.IV í þessum viðauka.</p> <p>Fellur úr gildi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk,</li> <li>– 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði,</li> </ul>
--------	--	--

		<ul style="list-style-type: none"> <li>– 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi,</li> <li>– 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.</li> </ul>
--	--	---

## g. Í stað liðar 7.c.IV kemur nýr liður, svohljóðandi:

7.c.IV	Blý í rafefnakeramikefnum sem innihalda keramikþrýstirafefni fyrir þetta sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum.	Fellur úr gildi: <ul style="list-style-type: none"> <li>– 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk,</li> <li>– 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði,</li> <li>– 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi,</li> <li>– 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.</li> </ul>
--------	---	--

## h. Í stað liðar 8.b koma tveir nýir liðir, svohljóðandi:

8.b	Kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum.	Gildir um 8., 9. og 11. flokk og fellur úr gildi: <ul style="list-style-type: none"> <li>– 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði,</li> <li>– 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi,</li> <li>– 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.</li> </ul>
8.b.I	Kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum sem eru notaðar í: <ul style="list-style-type: none"> <li>– varrofa,</li> <li>– stjórnþúnað fyrir hitanema,</li> <li>– hitavörn fyrir hreyfla (að undanskildum loftþéttum hitavörnum fyrir hreyfla)</li> <li>– riðstraumsrofa með málgildi:             <ul style="list-style-type: none"> <li>– 6 A og hærra við 250 V riðstraum og hærra, eða</li> <li>– 12 A og hærra við 125 V riðstraum og hærra,</li> </ul> </li> <li>– jafnstraumsrofa með málgildi 20 A og hærra við 18 V jafnstraum og hærra, og</li> <li>– rofa til notkunar við tíðni spennugjafa <math>\geq 200</math> Hz.</li> </ul>	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2021.

## i. Í stað liðar 15 koma tveir nýir liðir, svohljóðandi:

15	Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðar- aflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum.	Gildir um 8., 9. og 11. flokk og fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækninga- tækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
15.a	Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu á milli hálfleiðar- aflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum þar sem minnst ein eftirfarandi viðmiðana gildir: – hálfleiðarataeknihnútur sem er 90 nm eða stærri, – stök flaga sem er 300 mm <sup>2</sup> eða stærri á öllum hálfleiðarataeknihnútum, – flögustaflar með flögum sem eru 300 mm <sup>2</sup> eða stærri, eða kísilmillilag sem er 300 mm <sup>2</sup> eða þykkara.	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2021.

## j. Í stað liðar 18.b koma tveir nýir liðir, svohljóðandi:

18.b	Blý sem er örvari í flúrljómandi dufti (1% blý eða minna, miðað við þyngd) í úrhleðsluperum þegar þær eru notaðar sem sólarlampar sem innihalda fosfór, s.s. BSP (BaSi2O5 :Pb).	Fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, – 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækninga- tækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
18.b.I	Blý sem örvari í flúrljómandi dufti (1% blý eða minna, miðað við þyngd) í úrhleðsluperum sem innihalda fosfór, s.s. BSP (BaSi2O5 :Pb), þegar þær eru notaðar í lækningatækjum til ljósmeðferðar.	Gildir um 5. flokk og 8. flokk, að undan- skilinni notkun sem fellur undir færslu 34 í IV. viðauka, og fellur úr gildi 21. júlí 2021.

## k. Í stað liðar 21 koma fjórir nýir liðir, svohljóðandi:

21	Blý og kadmíum í prentlitum sem eru notaðir í smeltlökk á gler, s.s. bórsílikatgler og natríumkalksílikatgler.	Gildir um 8., 9. og 11. flokk og fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
21.a	Kadmíum þegar það er notað í litprentað gler vegna síunar og notað sem efnisþáttur í lýsingu í skjái og stjórnborð raf- og rafeindabúnaðar.	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk, að undanskilinni notkun sem fellur undir færslu 21.b eða færslu 39 og fellur úr gildi 21. júlí 2021.
21.b	Kadmíum í prentbleki sem er notað í smeltlökk á gler, s.s. bórsílikatgler og natríumkalksílikatgler.	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk, að undanskilinni notkun sem fellur undir færslu 21.a eða 39 og fellur úr gildi 21. júlí 2021.
21.c	Blý í prentbleki sem er notað í smeltlökk á annað en bórsílikatgler.	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2021.

## l. Í stað liðar 24 kemur nýr liður, svohljóðandi:

24	Blý í lóðningarefni til lóðunar á skífulaga og flötum, marglaga keramikþéttum með málmhúðuðum götum.	Fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, – 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
----	--	---

## m. Í stað liðar 29 kemur nýr liður, svohljóðandi:

29	Blý, bundið í kristalglari samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka (1., 2., 3. og 4. flokkur) við tilskipun ráðsins 69/493/EBE.	Fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, – 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
----	---	---

## n. Í stað liðar 32 kemur nýr liður, svohljóðandi:

32	Blýoxíð í þéttigleri sem er notað til að festa saman glerplötur í argon- og kryptongeislarörperum.	Fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, – 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
----	--	---

## o. Í stað liðar 34 kemur nýr liður, svohljóðandi:

34	Blý í málmkeramíkeiningum fyrir stilliviðnám.	Gildir um alla flokka, fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, – 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
----	---	--

## p. Í stað liðar 37 kemur nýr liður, svohljóðandi:

37	Blý í málmhúðunarlagi í háspennudíóðum á sökkli á peru úr sinkbóratglari.	Fellur úr gildi: – 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, – 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
----	---	---

## q. Við bætist einn nýr töluliður, svohljóðandi:

42	Blý í legum og fóðringum í bruna-hreyflum, sem eru knúnir af díslu eða loftkenndu eldsneyti, í búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega: – með heildarslagrými hreyfils $\geq 15$ lítrar, eða – með heildarslagrými hreyfils $< 15$ lítrar og hreyfillinn er ætlaður til	Gildir um 11. flokk, að undanskilinni notkun sem fellur undir færslu 6.c í þessum viðauka. Fellur úr gildi 21. júlí 2024.
----	---	---

	notkunar í búnað þar sem tíminn milli merkis til ræsingar og fulls afls skal vera styttri en 10 sekúndur, eða þegar venjulegt viðhald fer yfirleitt fram í krefjandi og óhreinu umhverfi utandyra, s.s. við námugróft, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eða í landbúnaði.	
--	---	--

## 2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

1. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/736 frá 27. febrúar 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir tiltekna rafmagns- og rafeindaíhluti sem innihalda blý, í gleri eða keramik, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018.
2. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/737 frá 27. febrúar 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni til lóðunar á skífulaga og flötum, marglaga keramikþéttum með málmhúðuðum götum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018.
3. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/738 frá 27. febrúar 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í málmkeramíkeiningum fyrir stilliviðnám, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018.
4. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/739 frá 1. mars 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í stáli, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018.
5. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/740 frá 1. mars 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í áli, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018.
6. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/741 frá 1. mars 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í kopar, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018.
7. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/742 frá 1. mars 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samn-

ingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018.

8. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/169 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í rafefnakeramik í tilteknum þéttum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019.
9. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/170 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í rafefnakeramikefnum sem innihalda keramikþrýstirafefni fyrir tiltekna þetta, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019.
10. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/171 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019.
11. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/172 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu á milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019.
12. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/173 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý og kadmíum í prentbleki til að setja smeltlakk á gler, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019.
13. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/174 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem er bundið í kristalgleri eins og skilgreint er í tilskipun 69/493/EBE, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019.
14. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/175 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blýoxíð í þéttigleri sem er notað til að festa saman glerplötur í tilteknum geislarörperum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019.
15. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/176 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í málmhúðunarlagi í tilteknum díóðum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II.



viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019.

16. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/177 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem örvara í flúrljómandi dufti í úrhleðsluperum sem innihalda fosfór, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019.
17. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/178 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í legum og fóðringum sem eru notaðar í tiltekinn búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 9. tölulið 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 14. nóvember 2019.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*